



Stjórnarfundur HSH
Haldinn í Grundarfirði,
2.júní 2025 kl. 20:30

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Sólveig Ásta Bergvinsdóttir, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Dagskrá

1. Dagbók Framkvæmdastjóra

- a. Framkvæmdastjóri hefur unnið að því að taka saman gögn og annað eftir þing og ganga frá því, m.a. senda þakkartillögur á fyrirtæki, UMFÍ, ÍSÍ og sveitarfélög og fleira þess háttar. Þá þurfti að ganga frá þinggerðinni í samstarfi við ritara þingsins. Lottógreiðslur til aðildarfélaga. Búið er að birta öll gögn á heimasíðu HSH.
- b. Öll aðildarfélög HSH skiluðu starfsskýrslum á réttum tíma. Framkvæmdastjóri aðstoðaði þau félög sem höfðu samband við gerð starfsskýrslu.
- c. Lokaskýrslur og reikningar sendir inn til Rannís fyrir þeim styrkjum sem búið var að greiða út.
- d. Unnið að og skilað inn lokaskýrslum í fræðslu- og verkefnasjóð fyrir úthlutun haustið 2024.
- e. Áframhaldandi vinna við stefnumótun sem stjórn og framkvæmdastjóri unnu með formönnum á formannafundi haustið 2024. Framkvæmdastjóri listaði niður það sem HSH hefur verið að vinna að og kom því áfram til Guðmundu sem sá um stefnumótunina. Guðmunda verður í sambandi í framhaldinu með næstu skref.
- f. Unnið hefur verið að að uppfærslu á heimasíðu HSH. Búið er að setja inn öll gögn eftir þing, heiðursfélaga, sjálfboðaliða og vinnubjarka ásamt því að uppfæra önnur gögn.
- g. Vinnufundur með svæðisfulltrúum og framkvæmdastjórum á Vesturlandi. Unnið að sameiginlegum degi „Allir með á Vesturlandi“ og sameiginlegri íþróttastefnu.
- h. Sótt um styrki til fyrirtækja v. landsmóts UMFÍ.
- i. Sótt um styrki í fræðslu- og verkefnasjóð. Framkvæmdastjórar á Vesturlandi sóttu um í sjóðinn fyrir sameiginlegum fræðsluerindum á Vesturlandi fyrir næsta vetur.
- j. Vinnufundur v. sameiginlegs framkvæmdastjóra.

Framundan:

- Mikið er til af gögnum hjá HSH sem þarf að koma fyrir á skipulagðan hátt á skýið sem HSH greiðir aðgang að, bæði google og microsoft. Gögnin koma frá fyrrum stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum og öðrum sem hafa komið að starfinu.
- Bókhaldsvinna fyrir héraðið.
- Undirbúningur fyrir unglingalandsmót. Auglýsingar, fréttapésar og annað til þess að senda á aðildarfélögin, í blöðin og til foreldra.
- Unnið er að „Allir með leikarnir á Vesturlandi“ sem haldinn verður á Akranesi þann 30. ágúst. Skipulagsfundir, bæklingar og önnur vinna.



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

- Starfsmaður HSH verður í sumarfríi stóran hluta júní mánaðar.
- 2. Þing HSH, vel skipulagt og gekk vel fyrir sig. Engar athugasemdir frá stjórn HSH varðandi þingið.
- 3. Áframhaldandi starfsemi HSH.
 - a. Komið hefur til tals að HSH, UDN og UMSB fari í viðræður að ráða inn sameiginlegan starfsmann í 100% starf fyrir þessi þrjú héruð. Stjórnir héraðanna munu halda áfram viðræðum en fundur með stjórnnum verður haldinn þann 12. júní.
- 4. *Breytingar á stjórn HSH. Samþykkt að Laufey Bjarnadóttir tekur við sem gjaldkeri HSH af Garðari Svanssyni. Garðar verður áfram með skoðunaraðgang að reikningum og mun vera héraðinu innan handar við gerð ársreikninga. Stjórnin er því skipuð á eftirfarandi hátt:*
 - *Formaður: Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson*
 - *Varaformaður: Berglind Long*
 - *Gjaldkeri: Laufey Bjarnadóttir*
 - *Ritari: Kristfríður Rós Stefánsdóttir*
 - *Meðstjórnandi: Sólveig Ásta Bergvinsdóttir*
- 5. Allir með á Vesturlandi laugardaginn 30. ágúst.
 - a. Framkvæmdastjórar auk svæðisfulltrúa hafa unnið að því að undirbúa Allir með leikana á Vesturlandi sem haldnir verða á Akranesi þann 30. ágúst 2025. Mikilvægt er að auglýsa viðburðinn vel og ná inn þeim börnum sem hafa ekki fundið sig í íþróttastarfi í félögunum. Sjálfboðaliðar frá aðildarfélögunum munu vera beðnir um að taka þátt í leikunum, kynna sínar greinar og aðstoða við framkvæmd.
- 6. Önnur mál
 - a. Sameiginlegt bókhald á Vesturlandi.
 - i. HSH hefur verið boðið að vera í þróunarferli á sameiginlegu bókhaldi héraða á Vesturlandi. Stjórn HSH samþykkir að halda viðræðum áfram. Ákjósanlegt væri að einn af svæðisfulltrúunum á landinu myndu vinna við bókhald héraðanna og jafnvel aðildarfélaga til þess að léttu undir starfið. Mikilvægt er að stjórn héraðsins fái sendar nánari upplýsingar og beinagrind til þess að halda áfram viðræðum í þessum málum.
 - b. Unglingalandsmót
 - i. Stjórn HSH samþykkir að greiða að fullu niður keppnisgjöld fyrir þátttakendur HSH á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina. Þá hefur stjórn HSH ráðið Ingibjörgu Bergvinsdóttur sem mótsstjóra HSH á mótinu í ár.
 - c. Næstu fundir stjórnar:
 - i. 12. júní er stefnt að því að stjórnir HSH, UDN og UMSB muni hittast og ræða sameiginlegan starfsmann héraðanna.
 - ii. Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 26. ágúst kl. 20.00.

Fundi slitið kl. 22.00

Gunnhildur Gunnarsdóttir